



Spáum 0,3% hækkun vísitölu neysluverðs milli mánaða

Hagstofan birtir marsmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) föstudaginn 27. mars. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 2,4% í 2,2%.

VNV hækkaði um 0,92% milli mánaða í febrúar. Óhætt er að segja að sú mæling hafi komið okkur á óvart, en við spáðum 0,4% hækkun. Skýrist munurinn af því að föt og skór, reiknuð húsaleiga og tómstundir og menning hækkuðu meira en við áttum von á og flugfargjöld til útlanda hækkuðu þvert á væntingar okkar.

Helstu undirliðir:


- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 1,6% milli mánaða.
- Við teljum að áhrif vaxtabreytinga á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,2 prósentustig til lækkunar og áhrif húsnæðisverðs verði 0,4 prósentustig til hækkunar. Samantekið gerum við því ráð fyrir að reiknuð húsaleiga hækki um 0,2%.
- **Flugfargjöld til útlanda** hækkuðu um 8,8% milli mánaða í febrúar, en síðustu tvö ár lækkuðu þau milli mánaða í febrúar. Við gerum ráð fyrir að þessi liður hreyfist lítið milli mánaða í mars.
- Janúarútsölur á **fötum og skóm** ganga venjulega til baka í febrúar og mars. Það er misjafnt milli ára hvernig hækkunin dreifist milli þessara mánaða. Janúarútsölnar voru svipaðar og síðustu ár en hækkunin í febrúar var í hærri kantinum sem bendir til þess að hækkunin í mars verði í lægri kantinum.

Evrar er núna 9,1% dýrari og Bandaríkjadalur 6,0% dýrari en í síðustu verðkönnunarviku.

Spá okkar um breytingu vísitölnnar milli mánaða í febrúar er 0,1 prósentustigi lægri en í síðustu spá sem við birtum í febrúar. Skýrist munurinn af því að við höfum lækkað spá okkar um breytingu milli mánaða í mars á fötum og skóm og flugfargjöldum til útlanda.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Bensín og díselolía	3,4%	-1,6%	-0,05%
Matur og drykkjarv.	13,3%	-0,1%	-0,01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,2%	0,0%	-0,01%
Tómst. og menning	10,1%	0,0%	0,00%
Kaup ökutækja	5,6%	-0,1%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,0%	0,00%
Menntun	0,4%	0,2%	0,00%
Póstur og sími	1,7%	0,1%	0,00%
Flugfargjöld til útlanda	1,5%	0,1%	0,00%
Ferðir og flutningar (annað)	4,2%	0,1%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,3%	0,02%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	0,4%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,3%	0,02%
Heilsa	4,0%	0,9%	0,04%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,2%	0,04%
Föt og skór	4,1%	5,7%	0,24%
Alls	100,0%		0,30%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Útlit fyrir að verðbólga hjaðni næstu mánuði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Apríl: +0,3% milli mánaða, 2,1% ársverðbólga
- Maí: +0,0% milli mánaða, 1,9% ársverðbólga
- Júní: +0,3% milli mánaða, 1,8% ársverðbólga

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í mars og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

1. Flugfargjöld til útlanda

Vegna nýlegs ferðabanns Bandaríkjaforseta og almennrar óvissu um flug til Bandaríkjanna næstu 30 daga er óvenju mikil óvissa um liðinn flugfargjöld til útlanda. Einnig er óvíst hvernig Hagstofan mun standa að verðmælingum á meðan þetta ástand varir. Við setjum því meiri fyrirvara en venjulega um ónákvæmar mælingar næsta mánuðinn hið minnsta.


2. Gengi krónunnar

Ólíklegt er að krónan eigi eftir að vera jafn stöðug í ár og í fyrra þegar hún hélst á frekar þröngu bili allt árið. Útlit er fyrir minna innflæði gjaldeyris vegna samdráttar í ferðapjónustu. Á móti má búast við minna útflæði vegna færri utanlandsferða Íslendinga. Síðustu daga höfum við síðan séð tilkynningar um viðskipti sem ættu að þýða nettó innflæði erlendar fjárfestingar. Að lokum er ekki ólíklegt að aukin óvissa á erlendum fjármálamörkuðum dragi úr áhuga lífeyrissjóða til að fjárfesta erlendis, að minnsta kosti til skamms tíma. Seðlabankinn hefur gripið nokkrum sinnum inn á gjaldeyrismarkað síðustu daga, en stefna hans er að leyfa verðmyndun að eiga sér stað en koma í veg fyrir spiralmýndun.

3. Húsnæðisverð


Fasteignaverð, eins og Hagstofan mælir og notar í útreikning á reiknaðri húsaleigu, lækkaði um 0,24% milli mánaða í desember og 0,28% í janúar en hækkaði síðan um 0,94% milli mánaða í febrúar. Þetta eru mjög miklar og óvæntar sveiflur, sem gerir óvissuna þeim mun meiri.

Mánaðarbreyting VNV í mars



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



4. Þróun á útlánavöxtum

Fyrr í vikunni lækkaði peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands vexti bankans um 0,5 prósentustig og eru meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, 2,25%. Þegar þetta er skrifað hefur einn viðskiptabanki lækkað vexti í kjölfar ákvörðunarinnar.

5. Heimsmarkaðsverð á olíu

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur lækkað mjög hratt og er nú um USD 35 fatið. Við gerum ráð fyrir að þessi lækkun skili sér inn í smásöluverð á bensíni og díselolíu næstu mánuði. Gangi þessi lækkun til baka mun það þýða hærra bensínverð en við gerum ráð fyrir núna.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.